

FLAF fundur 26. mars 2018

Boðað var til stjórnarfundar eftir að fréttir bárust af aðalfundi SR sem haldin var síðasta miðvikudag.

Fundurinn var haldin á heimili formanns, Kjartans Kárasonar að Grenimel í Reykjavík.

Mættir voru:

Kjartan Kárason, Sigurlaug Guðmundsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Einar R. Sigurðsson, Trygvi Þórðarson og Valdimar Reynisson.

Dagskrá fundarins:

1. Fréttir af aðalfundi SR.
2. Undirbúningur aðalfundar FLÁF.
3. Plöntudagurinn 2018.
4. Viðhald og framkvæmdir 2018.
5. Heimasíða félagsins.
6. Önnur mál.

Fundargerð:

Einar Ragnar sat aðalfund SR og gerði nú grein fyrir því sem þar fór fram og varðar landnema í Fellsmörk. Hjalti Elísson er ekki lengur fulltrúi FLAF í SR. Í hans stað mun taka sæti Hallur Björgvinsson. Á aðalfundi SR kom fram að SR hefur undirritað samning við ríkið um kaup á þeim jörðum sem Fellsmörk er staðsett á. Vekur þessi staðreynd blendnar tilfinningar hjá stjórnarmönnum FLAF á meðan ekki er ljóst hvert framhaldið verður. Ákveðið var að hafa samband við Helga Gíslason varðandi það og til að fá hann eða annan til að mæta á aðalfund FLAF sem ákveðið hefur verið að halda 15. maí 2018 og gera félagsmönnum grein fyrir hverjar framtíðaráætlanir þeirra eru með svæðið.

Ákveðið var að hafa plöntudag í Fellsmörkinni 30. júní 2018.

Ákveðið var að fela Einari Ragnari að festa kaup á léninu „fellsmark.is“.

Ákveðið var að ekki verði rukkað félagssgjald fyrir árið 2017, en það verður borið upp á aðalfundi.

Umræður fóru fram um þau verk sem þarf að vinna á svæðinu fyrir sumarið.

Fundi var slitið kl. 21.45